

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. desember 2008
Tilvísun: UST20081200002/bs

Norðausturvegur til Vopnafjarðar, 2. áfangi, Bunguflói-Vopnafjörður, breyting á efnistöku. Umsögn.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 28. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar hvort og á hvaða forsendum ofangreind breyting á efnistöku skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Nýtanlegt efni á ysta hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis í Vesturárdal hefur reynst minna en ráð var fyrir gert við mat á umhverfisáhrifum lagningar Norðausturvegar til Vopnafjarðar. Magnaukningin dreifist á allmargar námur. Vegagerðin telur flestar breytingarnar smávægilegar nema efnistöku úr námu J í landi Hauksstaða og námu Q við Torfastaði. Umhverfisstofnun felst á þennan skilning Vegagerðarinnar.

Náma J er stækkun á námu sem kölluð var B-17 við mat á umhverfisáhrifum. Náman er í ógrónu jökulruðningholti. Helstu áhrif efnistöku á þessum stað eru sjónræn áhrif en draga má verulega úr neikvæðum áhrifum efnistöku á þessum stað með vönduðum frágangi.


Náma Q er í malarhjalla ofan við Torfastaði. Náman er í sömu jarðmyndun og náma B-27 sem er hluti af gömlu námusvæði. Við frágang námu Q verður leitast við að frágangur verði samræmdur á öllu efnistökusvæðinu.


Frekari efnistaka verður í sömu eða sams konar jarðmyndunum og fjallað var um við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Áætlanir um efnistöku og frágang verða sambærilegar við það sem fram hefur komið á fyrri stigum. Aukin efnistaka í Vesturárdal er í mörgum tilfellum á svæðum þar ummerki um efnistöku eru þegar all nokkur. Almennt er gert ráð fyrir að fjarlægja námuvegi og ganga frá aðliggjandi eldri námasvæðum eins og kostur er.

Samráð verður haft við Umhverfisstofnun um frágang.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind breyting á efnistöku muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri